



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 130/501

komudagur 5.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 04.12.2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er mun meiri hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Því er eðlilegt að sú spurning vakni hvort að ekki sé rétt að færa þessi mál nær því sem gerist í öðrum löndum. Slíkt myndi mögulega geta leitt til aukinnar samkeppi á íslenskum fjármálamarkaði þar sem erlendir aðilar kunna að veigra sér við að hasla sér völl á íslenskum fjármálamarkaði, vegna sérstöðu hans. Einnig má spyrja hvort að ekki sé eðlilegt í ljósi þess að íslenskt efnahagslíf býr við svipaðan stöðugleika og önnur vestræn ríki, að draga úr sjálfvirkum vísitöluviðmiðum.

Alpýðusamband Íslands telur því jákvætt að skipuð verði nefnd sem leggi mat á kosti og galla þess að afnema verðtryggingu inn- og útlána í áföngum og mælir með því að tillagan verði samþykkt.

F.h. Alpýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ